



Veðrið truflaði engan á Kótelettunni í ár

Grill- og tónlistarháttíðin Kótelettan var haldin í fjórtánda skiptið á Selfossi um helgina. Háttíðin, líkt og undanfarin ár, var með þetta og góða dagskrá þar sem flestir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Þrátt fyrir misgott veðurfar var mætingin á háttíðina frábær. Stóra grillsyningin stóð fyrir sínu og uppselt var á tónlistarháttíðina fyrir utan Hvíta húsið. Það voru þau David Clausen Pétursson og Marín Hergils Valdimarsdóttir (sjá bls. 4) sem sigruðu í keppninni um Grillmeistara Kótelettunnar. Nánari umfjallanir um Kótelettuna má finna inni á DFS.is. Ljósmyndir: Kótelettan/Mummi Lú

Uppselt á fjallahjólakeppnina The Rift í ár

Helgina 19. og 20. júlí verður fjallahjólakeppnin The Rift haldin á Hvolsvelli og nágrenni. Keppnin var fyrst haldin 2019 og hefur farið vaxandi síðan. Uppselt er á keppnina í ár og nýtur hún mikilla vinsælda hjá bæði innlendu og erlendu hjóla-fólki. Í ár er fjöldi keppenda 1200 manns og fylgir því bæði aðstoðarfólk og stuðningsfólk. Það verður því nóg um að vera á Hvolsvelli þessa helgina.

The Rift hefst með upphitun á föstudeginum þar sem hjólað verður 45 km inn á fjallabaksleið syðri. Annars eru hjólaðar tvær vegalengdir, annars vegar 100 km leið og hins vegar 200



km leið sem liggur kringum Heklu.

Keppnin sjálf hefst svo kl. 7:00 á laugardeginum 20. júlí og verður upphaf og endir keppninnar við veitingahúsið Valhalla. Von er á fyrstu keppendum í mark upp úr hádegi og hvetjum við alla til að koma og skapa

stemningu við marklínuna. Hægt verður að kaupa sér mat, drykk og njóta stemningarinnar með keppendum á Valhalla eftir keppni.

Einnig er bent á að lokanir verða á svæðinu í kringum rásmarkið og hefjast þær upp úr hádegi á föstudeginum 19. júlí.



Vill að lista-
verkin sín
kalli fram bros
og einstakar
minningar



Skálholts-
háttíðin 75 ára:
Ávöxtur friðar
er okkar ljós

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4
ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN

Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



GOBBIGOBB

SVEITADAGAR
Laugardagana
20. og 27. júlí
frá 13:00-16:00

Hestar, hornsílaveiði,
bátasmíði, ungar,
sykurpúðar
og fleira

GOBBIGOBB.IS



Kirkjuráð Hrutavinafélagsins Örvars f.v.: Björn Ingi Bjarnason, Hannes Sigurðsson, Böðvar Gíslason og síðan sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Friðrik Hjartar.

Kirkjuráð Örvars í Hveragerðiskirkju

Félag fyrrum þjónandi presta og makar stýrðu fallegri og innihaldsríkri guðsþjónustu í Hveragerðiskirkju sunnudaginn 14. júlí sl.

Sr. Friðrik Hjartar prédikaði og sr. Kristján Valur Ingólfsson þjónaði fyrir altari. Ester Ólafsdóttir lék á orgelið í messunni.



Gengið fram Hveragerðiskirkju eftir guðsþjónustu. F.v.: Sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Friðrik Hjartar.

Að lokinni guðsþjónustu var kirkjukaffi í safnaðarheimilinu þar sem sr. Gylfi Jónsson lék á píanó undir fjöldasöng kirkjugesta.

Meðal kirkjugesta í Hveragerði var Kirkjuráð Hrutavinafélagsins Örvars á Suðurlandi. Þessi gæðastund var hluti tuttugu og fimm ára afmælishalds Hrutavinafélagsins en Kirkjuráðið hefur sótt messur í nær öllum kirkjum á Suðurlandi í starfstíma ráðsins.

Í lok kirkjukaffisins ávarpaði Kirkjuráðið hina fyrrum þjónandi presta og þakkaði þær mörgu ánægjulegu samverustundir í kirkjum á Suðurlandi sem fært hafa tilverunni fyllingu.

Björn Ingi Bjarnason,
Eyrarbakka.



Þingvallanga með Lilju og Guðna

Á hverjum fimmtudegi eru Þingvallagöngur nú tengdar áttatíu ára afmæli lýðveldisins. Guðni Ágústsson og Lilja Dögg Alfreðsdóttir leiða gönguna næsta fimmtudag, 18. júlí. Titill göngunnar undir leiðsögn þeirra er „Öflugir stjórn-málamenn eru varðmenn frelsisins. Íslands þúsund ár.“ Þau ræða merka atburði Íslandssögunnar og einstaka áhrifamenn svo sem Jón Sigurðsson forseta sem Lilja gerir góð skil í máli sínu. Karlakór Selfoss, einn öflugasti karlakór landsins, mun syngja. Gangan hefst á Hakinu fimmtudagskvöldið 18. júlí kl. 20.00, gengið þaðan á Lögberg hið helga og göngunni lýkur við Þingvallakirkju. Allir eru velkomnir á Þingvöll þetta kvöld.

Vill að listaverkin sín kalli fram bros og einstakar minningar

Nýlega var listamaðurinn Juan Pictures Art fenginn til að fegra fallega umhverfið í miðbæ Selfoss enn frekar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann sinnir þessu verkefni en á síðasta ári málaði hann 14 mismunandi listaverk þar sem hann breytti hversdagslegum hlutum og færði þeim nýtt líf. Til dæmis breytti hann rafmagnskassa í mjólkurbíl og brunahana í trúðaís. Blaðamaður Dagskrárinnar náði tali af Juan og fékk að kynnast þessum áhugaverða listamanni aðeins betur.

„Ég lærði myndlist á Spáni en flutti til Íslands til að þróa mig áfram sem veggmyndalista-maður. Það eru alltaf einhver skemmtileg verkefni að finna á

Íslandi og þrátt fyrir veðrið, þá er íslenska samfélagið alltaf tilbúið fyrir nýjar útimyndir,“ segir Juan í samtali við blaðamann Dagskrárinnar. Hans helsti innblástur hverju sinni er staðurinn sem hann er að mála á, en umhverfið og menningarlegur bakgrunnur móta hann einnig í listasköpunarferli sínu.

Bókastiginn uppáhaldsverkið hans á Selfossi

Juan segir að hann hafi verið fenginn af aðstandendum miðbæjar Selfoss til að lýsa upp nýja miðbæjarsvæðið með listaverkum þar sem hann breytir hversdagslegum hlutum í skemmtilegar hugmyndir. Í nýjustu verkunum hans má meðal annars finna Parísarspil og ruslatunnur gerðar að litlum verum, en hans uppáhaldsverk í miðbænum er bókastiginn. „Bækurnar í stiganum eru úrval af því besta sem íslensk bókamenning hefur upp á að bjóða. Bókmenntir hafa þann eiginleika að lyfta okkur á hærra plan, þannig mér fannst það frábær sjónræn myndlíking að nota stigan sem bókakápur. Einnig er þetta frábær virðingartottur til allra höfundanna, sem gerir stigan að mínu uppá-

haldsverki í miðbænum,“ segir Juan.

Það er óhætt að segja að samfélagið á Selfossi sé mjög hrifið af listaverkunum hans en á dögunum deildi hann myndum af listaverkunum á lokaðri íbúasíðu á Facebook og leyndi lofið sér ekki í athugasemdunum hjá íbúum. „Markmiðið mitt er að listaverkin mín færi áhorfendum bros og skapi einstakar minningar,“ segir Juan að lokum.

Juan leynist víða

Selfoss er ekki eini viðkomustaður Juans á Suðurlandi en það má einnig finna listaverk eftir hann hjá Ölverki í Hveragerði þar sem hann málaði stóran útvegg skreyttan blómum og apa, að sjálfsögðu haldandi á bjór. Einnig hefur hann sinnt nokkrum verkefnum í Vestmannaeyjum.

Það verður spennandi að sjá í framtíðinni hvað þessi hæfileikaríki listamaður mun bjóða Sunnlendingum og Íslendingum öllum upp á. Vonandi eigum við eftir að sjá sem flest verk eftir hann í okkar nánasta umhverfi.

Áhugasamir geta fylgst með Juans á Instagram-síðunni hans @juanpicturesart. BRV



Ljósmynd: Miðbær Selfoss



TM

Sama hvar þú ert í

Lífinnu

þá viltu vera hjá TM



Ribeye-steik með kartöflusalati og chimichurri

Marín Hergils Valdimarsdóttir grillmeistari
Kótelettunnar í áhugamannaflokknum

Það var Marín Hergils Valdimarsdóttir sem sigraði í flokki áhugamanna í grillkeppni Kótelettunnar í ár. Hér deilir Marín uppskriftinni með Sunnlendingum. Njótið!

Fyrir mér snýst matargerð um að njóta þess að búa matinn til, stress er alveg bannað í eldhúsinu eða við grillið. Mér finnst fátt skemmtilegra en þegar maðurinn minn og börnin okkar, þegar þau eru hjá okkur, sitja við eldhúsbörðið og kjafta við mig á meðan ég útbý matinn og ég tala nú ekki um hvað það er gaman að sjá þegar þeim líkar maturinn vel. Ég fæ eitthvað svona rosa kikk út úr því að gefa fólki og dýrum að borða, og er algjört matargat sjálf. Ég er nú bara nýlega farin að vera einhver grillari að ráði, en nautakjöt hef ég eldað mikið undanfarið þar sem maðurinn minn er með nautgriparkækt. Ég var því mjög ánægð þegar í ljós kom í grillkeppninni að próteinið yrði nautaribeye. Áður fyrr var ég voða mikið fyrir meðlætisvesen og sósur. En í seinni tíð minni, mér finnst að meðlætið meggi ekki taka yfir diskinn, kjötið á að vera aðalnumerið á disknum og rétt kryddað og vel eldað kjöt þarf enga sósu. Ég ákvað því að hafa einfalt meðlæti en vildi að það væri samt skemmtilegt fyrir bragðlaukana svo ég ákvað að gera frískandi kartöflusalat og spicy chimichurri.

Kartöflusalat

500 g litlar íslenskar kartöflur
Dill
Steinselja (þessi flata)
Skarlóttulaukur
Gúrka ca. 1/3 (fræ hreinsuð)
Graslaukur
½ sítróna (bara safinn)
½ hvítlaukur (þessi stóri sem fæst í litlu körfunum)
1 dósa sýrður rjómi (ég nota 36%)
1 msk. majónes (mér finnst því miður Hellman's miklu betra en það íslenska, en annars reyni ég alltaf að kaupa íslenskt)
1 msk. Dijon-sinnep
1 msk. Vogaídyfa
Salt og pipar
Góð olífuolífa

Kartöflurnar eru soðnar, kramdar og raðað á ofnplötu, dass af olíu og salti og piprað og inn í ofn með dúllurnar í 190°C í 15-20 mín eða þangað til þær eru vel krispí en ekki brenndar.

Á meðan er öllu hráefninu hrært saman af ást og alúð í skál og því leyft að bíða inni í ísskáp. Hér verður hver að smakka fyrir sig hversu mikið af kryddjurtunum menn og konur vilja. En ég setti heldur mikið af dilli í salatið og mæli ég því með að setja frekar minna í einu og smakka sig til. Þegar kartöflurnar eru orðnar kaldar þá er mál að hræra þeim út í dressinguna og klippa svo smá graslauk yfir í restina til skrauts. Ég tók eina sour cream



og onion pringles flögu og muldi smátt yfir sem smá auka kröns.

Ribeye-steik

Olífuolífa
SPG krydd
Smash style hamborgarakrydd frá Íslandsnauti
Þeytt smjör með íslensku sjávarsalti

Berið olíu á kjötið og kryddið svo á alla kanta. Ég notaði vel af SPG og smá af Smash style-kryddinu bara til að gefa bragðinu smá dýpt. Ég myndi segja að hlutföllin séu ¾ SPG og ¼ Smash style frá Íslandsnaut. Þá er kjötinu skutlað á funheitt grillið og því lokað á alla kanta. Svo er hitinn lækkaður eða settur á minni heitan flöt á grillinu og kjötinu snúið af og til. Margir velja að nota kjöthitamæli, en mér finnst best að nota grilltöngina til að pota í kjötið annað slagíð og þegar maður finnur að kjötið er hætt að vera mjúkt og farið að spyrna á móti þá er það tilbúið. Því næst er klípa af smjörinu sett yfir kjötið og því leyft að hvíla undir álpappír.

Chimichurri

Dass olífuolífa
Handfylli steinselja (þessi flata)
Safi úr ½ lime
1 msk. óreganó
Hvítlaukur eftir smekk
1 tsk Cajun Taco-krydd frá Sante Maria
Salt

Saxið kryddjurtirnar smátt og blandið öllu saman. Voila!

Setjið kjötið og kartöflusalatið á disk, setjið smá Chimichurri yfir kjötið og NJÓTIÐ!



Sunnlenski
matgæðingurinn



Þorsteinn Már Ragnarsson er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég þakka Ingvari kærlega fyrir að henda þessu á mig, bjóst reyndar ekki við öðru þar sem við vinnum saman og allur okkar frítími fer í það að tala um hvað við vorum að elda daginn áður!

Ég hef gríðarlega mikinn áhuga á eldamennsku og elska að elda eitthvað gott og „djúsi“. Það er líklegast ekki annað hægt þar sem minni fjölskyldu finnst fátt betra en að borða eða matreiða góðan mat. Þar sem það er sumar hef ég gaman af því að henda mér á grillið. Hér fyrir neðan eru uppskriftir að tveimur grilluðum súrdeigsbrauðum sem eru afar sumarleg og skemmtileg.

Súrdeigsbrauð #1

500 – 600 g risarækjur
5 msk. hvítlauksolífa
Safi úr einni sítrónu
4 msk. graslaukur
Salt og pipar
250 g smjör
5 hvítlauksrif
3 msk. graslaukur
Súrdeigsbrauð
Olífa

Risarækjur

Fyrst þarf að setja risarækjurnar í marineringu. Blandið saman hvítlauksolífu, sítrónusafa, graslauk, salti og pipar saman við rækjurnar. Leyfið því að marinerast í að minnsta kosti hálf tíma. Því næst setjið þið rækjurnar á spjót.

Hvítlaukssmjör

Skerið eða maukið hvítlauk og skerið fínt graslaukinn, setjið ofan í smjórið og svo salt og pipar. Leyfið því að standa við stofuhita svo það sé hægt að smyrja því á brauðið eftir grillun.

Næst er svo að grilla risarækjurnar, súrdeigsbrauðið og eina sítrónu. Skerið sítrónuna í tvennt og setjið á grillið þar til það er kominn litur á hana. Setjið smá olíu á súrdeigsbrauðið og grillið það þar til það eru komnar fallegar rendur. Grillið risarækjurnar í nokkrar mín þar til þær eru orðnar fallegar að lit.

Strax þegar súrdeigsbrauðið er komið af grillinu setjið góða „slummu“ af smjörinu á og svo rækjurnar. Kreistið svo brenndu sítrónuna yfir.

Ég skora á minn fagra bróður Hjört Sigurð Ragnarsson að henda í einhverja veislu fyrir okkur í næstu viku!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Súrdeigsbrauð #2

400-500 g kjúklingabringur
2-3 egg
5 msk. parmesan-ostur
300 – 400 g brauðrasp
Paprikukrydd
Hvítlauksduft
Salt & pipar
Pizzasósa
3 hvítlauksrif
3 tsk. oregano
Mozzarella-ostur, skorinn í sneiðar
Gróft skorinn basilíka
Súrdeigsbrauð
Olífa

Kjúklingurinn

Merjið kjúklingabringurnar þannig þær verða um hálfur sentimetri. Því næst setjið þið bringuna í hrærd egg og því næst ofan í bragðbætta brauðraspið. Í brauðraspið setjið þið parmesan ost, paprikukrydd, hvítlauksduft og salt og pipar. Ef þið eigið steypujárnspönnu er hægt að gera þetta á grillinu en annars bara setjið vel af olíu á pönnu og steikið kjúklinginn þar til tilbúinn, skerið hann svo í strimla.

Sósan

Setjið á pönnu fínt skorinn hvítlauk í olíu og steikið í smástund, setjið svo pizzasósuna og oregano á pönnuna og hitið og setjið til hliðar.

Því næst setjið þið brauðið saman, fyrst pizzasósan, kjúklingur, mozzarella-ostur skorinn niður og toppað með gróft skorinni basilíku. Mikilvægt er að setja mozzarella-ostinn sem fyrst á svo hann bráðni aðeins. Annars er hægt að setja brauðið aðeins á grillið eða með brennara (ef þið eigið).

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Búið er mitt blóma ...
Blesi tók á fluga ...
Fer um höfin fögur ...
fyrir pabba eina ...

Svar við gátu í blaði 2760: **BAND**



ÚTSALA ÚTSALA

25-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

25-50% VALIN GRILL OG PIZZAOFNAR

25-50% HITARAR OG ELDSTÆÐI 25-50% SLÁTTUVÉLAR

25-50% RAFMAGNSGARÐVERKFÆRI 25-50% REIÐHJÓL

25-50% GARÐHÚSGÖGN 25-50% BLÓMAPOTTAR

25-50% SUMARLEIKFÖNG 25-50% ÚTILEGUVÖRUR

50% VALIÐ HARÐPARKET, FLÍSAM OG MOTTUR

25-50% VALDAR GROHE VÖRUR 25-50% VALIN INNI- OG

ÚTILJÓS 25-50% VALIN HANDVERKFÆRI

25-50% HÁPRÝSTIDÆLUR 25-50% RAFMAGNSVERKFÆRI

20% VINNUFÖT 25% HONDA Á SELHELLU

50% TACTIX VERKFÆRI 50% VALINN BLÁR BOSCH

...OG MARGT FLEIRA

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

**ÞÚ SÉRÐ
ÖLL
TILBOÐIN
Á BYKO.IS**



Skannaðu kóðann
og skoðaðu
tilboðin

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

KÓTELETTAN 2024

Ljósmyndir: Kótelettan/Mummi Lú.





Höfuðstöðvar Náttúruverndarstofnunar á Hvolsvelli

Það er ástæða til að gleðjast fyrir okkur Sunnlendinga, en með samþykkt Alþingis 22. júní sl., annars vegar lög um Náttúruverndarstofnun, og hins vegar lög um Umhverfis- og orkustofnun, var ákveðið að höfuðstöðvar nýrrar Náttúruverndarstofnunar verði á Hvolsvelli. Þetta eru stór tíðindi fyrir íbúa í Rangárþingi eystra og okkur öll.

Náttúruverndarstofnun er ný stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og orkustofnun er ný stofnun Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar. Báðar stofnanirnar taka til starfa 1. janúar nk. Ákveðið hefur verið að höfuðstöðvar nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar verði á Akureyri. Markmiðið með þeirri ákvörðun er að stuðla að því að starfsfólk starfi í auknum mæli á landsbyggðinni í grend við viðfangsefnið sem í þessu tilfelli er náttúra landsins, umhverfi og auðlindir.


Fjöldi fastra starfsmanna hjá hverri hinna nýju stofnana verður um eða yfir 100 manns og eru stofnanirnar nú þegar með 20 fastar starfsstöðvar eða gestastofur víða um land. Tekið skal fram að höfuðstöðvar Vatnajökulsþjóðgarðs verða áfram á Höfn í Hornafirði, en þær voru færðar þangað 2022.

Eitt af markmiðum í vinnu við stofnanabreytingar ráðuneytisins er að fjölga störfum á landsbyggðinni. Því er niðurstaðan sú að höfuðstöðvar nýrra stofnana verði ekki staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Sú niðurstaða hefur þó ekki þá þýðingu

að starfsmenn viðkomandi stofnana þurfi að flytja sig um set í sínum störfum heldur verða ný störf auglýst á höfuðstöðvum eða öðrum starfsstöðvum viðkomandi stofnunar á landsbyggðinni.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands kveður ráðherra á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum. Áður en ákvörðun um flutning á aðsetri stofnunar er tekin skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um fyrirhugaðan flutning. Byggir lagaheimild þessi á þeim grunni að ákvörðunarvald um aðsetur stofnunar sé eðlilegur hluti af stjórnunarheimildum ráðherra gagnvart stofnunum sem undir hann heyra. Þar sem um nýjar stofnanir er að ræða og ekki kveðið á um aðsetur höfuðstöðva þeirra í þeim lögum sem um stofnanirnar gilda er ekki um að ræða flutning á aðsetrum að ræða og því er ekki þörf á að gefa Alþingi skýrslu.

Það er sannarlega þakkarvert að Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra taki þessa ákvörðun í ljósi þess mikilvægis að efla stöðu landsbyggðarinnar og færa þær stofnanir sem næst þeirra helstu starfs- og athafnasvæðum. Nýlega varð stofnunin Land- og Skógur til með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og sú stofnun er með aðsetur í Gunnarsholti í öflugri starfsstöð en þar situr forstjóri stofnunarinnar, Ágúst Sigurðsson. Land og skógur er þekkingarstofnun á sviði gróður- og jarðvegsauðlinda og stuðlar að sjálfbærri nýtingu þeirra og



er stofnunin með starfsstöðvar víða um land.

Það er fagnaðarefni að þekkingarstofnanir festi rætur á landsbyggðinni og eins að störfum án staðsetningar fjölgi og hefur það gerst í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er mikilvægt að haldið verði áfram á sömu braut. Ég hef oft í opinberri umræðu, á fundum og heimsóknum mínum í stofnanir bent á mikilvægi þess að ekki þurfi atbeina ríkisvaldsins, ráðherra eða Alþingis til að fjölga störfum og tækifærum á landsbyggðinni. Þannig geta stofnanir eins og Landsvirkjun og Orkustofnun haft aðsetur í byggðum nálægt mikilvægustu virkjunum landsins sem eru flestar á Suðurlandi. Þeim skilaboðum hefur verið komið á framfæri og eru ítrekuð hér.

Nú eru stigin raunveruleg skref sem skipta máli og því ber sérstaklega að fagna og þakka fyrir.

Ásmundur Friðriksson
alþingismaður.

Umf. Hekla og Rangárþing ytra gera nýjan þjónustusamning

Mánudaginn sl. skrifuðu Ungmennafélagið Hekla og Rangárþing ytra undir nýjan þjónustusamning. Undanfarna 11 mánuði hafa átt sér stað viðræður og samtöl milli Ungmennafélagsins Heklu og Rangárþings ytra vegna endurnýjunar á þjónustusamningi, en gamli samningurinn rann út um áramótin.

Nýr samningur er til rúmlega þriggja ára og rennur út í árslok 2027.

Helstu atriði samningsins:

- Rangárþing ytra styrkir Umf. Heklu um 4.000.000 kr. árlega. Upphæðin tekur breytingum skv. neysluvísitölu.
- Rangárþing ytra greiðir Ungmennafélaginu Heklu upp eignarhlut félagsins í íþróttavellinum á Hellu að upphæð 2.813.266 kr.
- Ungmennafélagið Hekla fær 25.000 kr. fyrir hvern unninn Íslandsmeistaratítul sem og Norðurlanda-, Evrópu- og heimsmeistaratitla.
- Ungmennafélagið Hekla fær 25.000 kr. fyrir hvert sæti í landsliði.
- Ákvæði þess efnis að Ungmennafélaginu Heklu beri skylda til þess að sjá um sumarnámskeið barna í sveitarfélaginu hefur verið tekið úr samningnum.



Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ungmennafélagsins Heklu, og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, handsala samninginn.

Blasir því við að annað fyrirkomulag verði á sumarnámskeiðunum árið 2025.

Fyrir hönd félagsins viljum við þakka sveitarfélaginu fyrir samvinnuna við gerð nýs samnings. Það er álit félagsins að samningurinn sé mjög góður og komi til með að skila framförum fyrir íþróttastarf í sveitarfélaginu.

Rangárþing ytra

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 30. gr. með vísan í 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagstillaga:

1. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breytingar II. á ASK 2024 - Tillaga

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum 11.7.2024 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 á Selfossi. Breytingin er samþykkt í samræmi við 30. og 36 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér að austurvestur flugbrautin á Selfossflugvelli er stýtt svo hún sé aðeins á landi í eigu Sveitarfélagsins Árborgar en ekki á landi í einkaeigu. Sömuleiðis er opna svæðið OP1 minnkað og verður aðeins á landi í eigu sveitarfélagsins. Þéttbýlismörkum Selfoss er breytt til samræmis. Landbúnaðarland L2 er stækkað yfir það svæði sem var opið svæði og flugvöllur.

Breytingar eru eftirfarandi:

1. Selfossflugvöllur. Vesturbraut flugvallarins er stýtt, tekin er út sá hluti hennar sem er á landi í einkaeigu. Hindranafloðum er breytt til samræmis.
2. Opið svæðið OP1 er minnkað norðan Selfossflugvallar og verður aðeins á landi í eigu sveitarfélagsins.
3. Landbúnaðarsvæði L2 er stækkað yfir það svæði sem var opið svæði og flugvöllur.
4. Þéttbýlismörkum Selfoss er breytt og aðlöguð að breyttri afmörkun Selfossflugvallar og opins svæðis.
5. Kjallarar á Selfossi. Heimilt verður að vera með bílakjallara á Selfossi og gildir það líka um flóðasvæði, en kjallarar á slíkum svæðum skulu uppfylla tiltekin skilyrði.
6. Lóðin Austurvegur 20 verður öll miðsvæði. Í dag er um helmingur hennar samfélagsþjónusta.

Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra aðalskipulags, með síðari breytingum.

Gerð er breyting á greinargerð og uppráttum:

Gildandi og breytt aðalskipulagsuppráttur fyrir Selfoss, í mkv. 1:10.000. Ásamt breyttum upprátti fyrir dreifbýli í mkv. 1:50.000. Greinargerð með forsendum og umhverfismatsskýrslu.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi breyting á deiliskipulagstillögu:

2. Grundarhverfi Selfossi - Furugrund 24B - Breyting og lagfæring á deiliskipulagi íbúðabyggðar

Bæjarráð Árborgar samþykkti þann 11.7.2024 tillögu að breyttu og lagfærðu deiliskipulagi fyrir „Grundarhverfið“ á Selfossi. Deiliskipulag fyrir hverfið í heild er frá árinu 1994. Núverandi skipulag lóða og gatna í hverfinu er ekki í samræmi við skipulagið frá 1994. Breytt skipulag sem nú er lagt fram, tekur til skipulags gatna og lóða eins og hverfið er í núverandi mynd. Þá er bætt við einni byggingarlóð sem var áður skilgreint sem nær-leiksvæði. Breytingar á upprátti og í greinargerð eru eftirfarandi:

- Raðhúsaloðin Grenigrund 18-24 verður 18-24A
- Birkigrund 1-7, 2-8, 11-17 og 34-40 úr raðhúsaloðum í parhúsaloðir-
- Lega götu og stíga í Furugrund löguð að raunlegu
- Lóðaskipan við Furugrund löguð að raunskipan
- Lóð fyrir leiksvæði breytt í byggingarlóð, Furugrund 24A
- Byggingarreitir endurskoðaðir á öllu svæðinu.
- Settar inn allar lóðarstærðir, nýtingarhlutfall og hámarks mænishæð
- Lóðir við Birkigrund og Furugrund sem snúa út að Langholti fá 5m viðbótarland í samræmi við samþykkt bæjarráðs um skilmála fyrir viðbótarland/-lóðir, frá 02.05.2024
- Ýmsar minni háttar lagfæringar á lóðamörkum, legu gatna og stíga.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 17. júlí til og með 8. ágúst 2024. Þeir aðilar sem hafa athugasemdir eða ábendingar hafa frest til og með 8. ágúst 2024, til að skila inn til skipulagsfulltrúa (runarg@arborg.is), eða á www.skipulag@arborg.is.

Skipulagstillaga nr. 2 eru auglýst með athugasemdafresti frá 17. júlí 2024, til og með 29. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 29. ágúst 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Kvöldið er fagurt: Blood Harmony næst á „svið“

Kvöldið er fagurt nefnist árleg tónleikaröð í Eyvindartungu við Laugarvatn. Nafn tónleikaraðarinnar er sótt til þjóðlagsins alþekkt, „Kvöldið er fagurt“ en höfundur textans, Ingólfur Þorsteinsson, fæddist í Eyvindartungu.

Upphaf tónleikaraðarinnar má rekja til vorsins 2019 er haldnir voru tónleikar í gamla fjósinu, en síðan hafa gömlu útihúsin á bæjarhlaðinu verið uppgerð í stórt viðburðarými, vettvang fyrir brúðkaup, veislur, ættarmót o.fl.

Árið 2020 hlaut Eyvindartunga styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands til að halda fyrstu tónleikaröðina. Markmið skv. styrkbeiðninni var að auka framboð menningarviðburða við Laugarvatn með reglulegu tónleikahaldi einu sinni í mánuði yfir sumartímam í gömlu fjóshlöðunni í Eyvindartungu. Fyrsta árið komu til okkar Svavar Knútur, Kristjana Stefáns, Unnur Malín og Teitur Magnússon.

Sumarið 2024

Svavar Knútur var með fyrstu

tónleika sumarsins, söngva-skáldatónleika laugardaginn 22. júní. En nú er röðin komin að næstu sumartónleikum, tónleikar Blood Harmony, fimmtudagskvöldið 18. júlí, kl. 20:00.

Blood Harmony er samstarfsverkefni systkinanna Arnars Eldjárns, Aspar Eldjárns og Bjarkar Eldjárns sem hófst snemma árs 2021 þegar heimsfaraldurinn skall á og sökum þess voru þau flutt í heimahagana í Svarfaðardal. Þau umbreyttu kjallaranum á æskuheimilinu Tjörn í upp-tökustúdíó og hófu að taka upp lög sem Örn og Ösp höfðu bæði samið í gegnum árin en aldrei fundið þeim farveg, fyrr en nú. Sumarið 2021 héldu þau í sína fyrstu tónleikaferð um landið og síðan þá hafa þau komið fram á tónlistarháttum í Svíþjóð, Finnlandi, Skotlandi og á Englandi. Miðasala er á tix.is.

Næstu mánuði stendur svo til að auglýsa fleiri tónlistarviðburði, en viðburðarýmið í Eyvindartungu fagnar 5 ára afmæli sunnudaginn 1. september, og stefnt er að því að hafa þá opið húsið um kvöldið og eiga nota-lega kvöldstund saman.



Hópa saman nemendur fyrstu árána í tilefni 70 ára afmælis skólans

Í tilefni af því að 70 ár eru liðin frá því að barnaskólinn á Seljalandi undir Vestur-Eyja-fjöllum hóf starfsemi sína haustið 1954 hefur hópur fólks ákveðið að kalla saman þá nemendur sem stunduðu nám við skólann fyrstu tíu árin, þ.e. 1954- 1964. Þeir sem áhuga hafa á að hittast af þessu tilefni eru velkomnir að Heimalandi þann 24. ágúst nk.

Það kom á óvart, þegar farið var að kanna málið, hve margir nemendur voru við skólann á þessum árum. Þegar farið var að safna saman nöfnum nemend-

anna reyndust þeir hafa verið á annað hundrad.

Vonast er til þess að sem flestir sjái sér fært að mæta og eyða dagspartí saman við upprifjun minninga og spjall um það sem á dagana hefur drifið frá þessum tíma.

Þeir sem ekki hefur náðst til eru hvattir til þess að hafa samband við Kristínu Á. Guðmundsdóttur í síma 896 8330, Þorberg Ólafsson í síma 898 3106 eða Hálfdan Ómar Hálf-danarson í síma 864 2235.



Chris Caird til Japans Sveitadagar GobbiGobb

Selfyssingurinn Chris Caird hefur verið ráðinn í hjálfa-teymi Nagasaki Velca í B1 deildinni í Japan. Á síðasta tímabili starfaði hann sem aðstoðarþjálfari London Lions, sem urðu Englandsmeistarar á síðasta tímabili ásamt því að komast í undanúrslit í Eurocup.

„Ég hélt ekki að ég myndi taka þetta skref svona snemma á hjálfaferlinum mínum, það er víst. Japan er stór markaður fyrir körfubolta sem stækkar á hverju ári og fær NBA-leikmenn til liðs við sig, svo ég er spenntur að halda áfram að vinna með leikmönnum á háu stigi. Aðalástæðan fyrir því að ég ákvað að fara þangað var yfirþjálfarinn, sem

áður var með NZ Breakers, og framkvæmdastjórinn og annað starfsfólk sem koma frá NBA. Þetta er stórt tækifæri sem ég gat ekki sagt nei við,“ sagði Chris í samtali við DFS.is.

Chris kom fyrst á Selfoss 2007 þar sem hann spilaði með FSu í fjögur ár áður en leið hans lá í háskólaboltann í Bandaríkjunum. Eftir háskólann snéri hann aftur til Íslands þar sem hann spilaði með Tindastóli áður en hann lagði skóna á hilluna og snéri sér eingöngu að hjálfun. Hann starfaði svo sem aðalþjálfari Selfoss körfu frá 2018 til 2023 áður en hann færði sig yfir til London Lions.

Sveitadagar voru tilraunaverk-
Sefni GobbiGobb sumarið 2023. Vegna mikillar ánægju gesta var ákveðið að halda áfram að þróa þá og því eru þeir haldnir aftur núna í sumar.

Fyrsti Sveitadagur GobbiGobb var núna síðastliðinn laugardag. Þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið með besta móti þá létu gestir það ekki stoppa sig við að koma og njóta lífsins í sveitinni.

Gestir og gangandi gátu notið þess helsta sem gert er á Sveitanámskeiðum GobbiGobb. Margir lögðu leið sína niður í lindir með háva og krukkur og veiddu þar hornsíli á meðan aðrir smíðuðu sér báta til að sigla með í fjörunni.

Á sveitanámskeiðum er lögð áhersla á tengsl manna og dýra. Þar skipa hestarnir stóran sess og unnið er með þá á óhefðbundinn máta, þar sem nærvera og tengsl eru í forgrunni. Á Sveitadögum fá gestir sama tækifæri og geta klappað og kembt hestum að vild og upplifað þannig nánd og tengsl við dýrin. Einnig er teymt undir þeim sem vilja í þrautbraut og hefur það notið mikilla vinsælda. Þetta sumarið eru líka þrír litlir andarungar sem taka vel á móti öllum gestum.

Boðið er upp á ýmislegt fleira og er dagskráin ólík á milli sveitadaga.

Hvort sem um er að ræða

sveitanámskeið eða sveitadag þá er áherslan okkar ávallt sú að komast undan áreiti og kröfum nútímans og leyfa fólki að njóta frjálrsæðis í sveitinni og efla tengsl þess við dýr og náttúru.

Næstu sveitadagar eru laugardagana 20. og 27. júlí frá kl. 13:00-16:00 og eru allir velkomnir. Frekari upplýsingar er hægt að finna inni á heimasíðunni GobbiGobb.is.



Ljósmynd: London Lions.

Verið velkomin á
Jarðhitasýninguna
í Hellisheiðarvirkjun



Fræðslusýning fyrir fólk á öllum aldri
Opíð alla daga 9-17

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Dáleiðsla
HeilsaDáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrri lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á

heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsnir breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuudari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrúsholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrúsholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrúsholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrúsholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Hjólhýsi til útleigu
Hef til útleigu T@B Dropa hjól-
hýsi, 2 manna. Öll tól og tæki
fylgja í leigunni m.a. gas. Vagninn
er staðsettur á Selfossi. Sími
699 5407 (Guðjón).Bæjarráð Árborgar samþykkir
gjaldfrjálsar skólamáltíðir í
grunnskólum ÁrborgarBæjarráð Árborgar samþykkti
í dag, fimmtudaginn 11.
júlí, að Sveitarfélagið Árborg
myndi bjóða upp á gjaldfrjálsar
skólamáltíðir í grunnskólum Ár-
borgar skólaárið 2024-2025.Fyrir í sumar voru samþykkt
lög sem snúa að gjaldfrjálsum
skólamáltíðum í grunnskólum
landsins. Löggin má rekja til
sameiginlegrar yfirlýsingar rík-
isstjórnarinnar og Sambands ís-
lenskra sveitarfélaga frá 7. mars
sl. sem hafði það að markmiði
að greiða fyrir langtímakjara-
samningum á vinnumarkaði.Með samþykkt bæjarráðs er
staðfest að Sveitarfélagið Ár-
borg muni bjóða upp á gjald-

Ljósmynd: Sveitarfélagið Árborg.

frjálsar skólamáltíðir í grunn-
skólum Árborgar skólaárið
2024-2025. Nánari upplýsingar
um fyrirkomulag skráningarvegna ofnæmis og fleira verða
kynntar foreldrum í upphafi
skóla.

Sveitarfélagið Árborg

Öll hverfin á Helli fá fjármagn til skreytinga

Markaðs-, menningar- og
jafnréttismálanefnd í
Rangárþingi ytra lagði nýlega
fram beiðni um að sveitarfélagið
myndi leggja til fjármuni til
kaupa á sameiginlegum skreyt-
ingum hverfanna í tilefni 30 ára
afmælis Töðugjalda.Bygðarráð Rangárþings
ytra hefur samþykkt að styrkja
hvert hverfi um allt að 100.000
kr. til kaupa á sameiginlegum
skreytingum vegna afmælishá-
tiðarinnar.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

- Íbúar hvers hverfis koma sér
saman um hvað skuli kaupa,
leggja út fyrir vörunum og
fá upphæðina svo endur-
greidda frá sveitarfélaginu
gegn framvísun reikninga
eða kvittana þar sem fram
kemur hvaða vara var keypt
og upphæðin. Ekki er greitt
fyrir vinnu, aðeins efniskaup
og ekki má nýta fjármunina
til annars en að kaupa skreyt-
ingar.- Íbúar hvers hverfis þurfa
að útnefna einn fulltrúa til
að halda utan um kvittanir.
Best er að sá aðili leggi út
fyrir skrautinu til að halda
flækjustiginu í lágmarki en ef
fleiri en einn úr hverju hverfi
leggur út fyrir skrauti þarf
endurgreiðslan samt að fara í
gegnum einn fulltrúa sem út-deilir upphæðinni svo til ann-
arra sem lögðu út.- Mikilvægt er að samtal milli
íbúa hvers hverfis eigi sér
stað - tilvalið er að hefja
samtalið á hverfasíðunum á
Facebook og hópa saman í hóp
á hugasamra aðila sem vilja
taka þátt í þessu.

Rangárþing ytra

KIRKJA

Selfosskirkja

Tökum þátt í Skálholtshátíð,
hátíðarmessa sunnudaginn 21.
júlí í Skálholtskirkju kl. 14:00.

Skálholtsdómkirkja

Hátíðarmessa á Skálholtshátíð
kl. 14 sunnudaginn 21. júlí.
Kirkjukaffi á eftir í boði Staðarins
og hátíðardagskrá kl. 16 þar
sem Guðni Th. Jóhannesson,
forseti Íslands flytur hátíðarer-
indið. Skálholtskórinn. Organisti
Jón Bjarnason. Einsöngur og
trompetar. Sr. Kristján Björnsson
prédikar og þjónar fyrir altari
ásamt frú Agnesi M. Sigurðar-
dóttur, sr. Guðrínu Karls Helgu-
dóttur, sr. Axel Á. Njarðvík, sr.
Guðlaugu Helgu Guðlaugsdóttur
og Berþóru Ragnarsdóttur,
djákna. Te Deum kl. 18. Útímesa
við Þorlákssæti kl. 9 laugardag
20. júlí og tíðargjörð kl. 18.DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDSViltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Minning um Jón Áskel Jónsson †

Þegar Jón vinur minn og lengi nágranni er allur vil ég minnst hans með nokkrum þakkarorðum fyrir áratuga vinnu og hjálpssemi af ýmsu tagi. Mín fyrstu kynni af Jóni voru þau að Nonni föðurbróðir hans fór í umfangsmikla túnstækkun á jörð sinni Vestri-Loftsstöðum. Hann tók til ræktunar 7 hektara stykki á sandinum norðvestur af bænum. Hann bjó þar einn með aldraðri móður sinni sem var nánast orðin karllæg. Hann þurfti því hjálp við að undirbúa túnræktunina. Ég var þá fenginn í nokkra daga til að aka kúaskít á flagið. Þá var þar á sama tíma Jón Áskell bróðursonur hans en hann bjó þá í foreldrahúsum í Söndu á Stokkseyri. Við Jón okum skitnum hvor á sínum hestvagni og var það

mikið verk. Mörgum árum síðar urðum við nágrannar vestast á Kirkjuveginum á Selfossi. Hann byggði hús nr. 35 en ég nr. 37. Við hjálpuðumst að við ýmislegt. Ég múraði dálítið í hans húsi, sem annars var unnið að mestu leyti af Gunnari yngri bróður hans. Ég átti líparíthellur úr Drápuhlíðarfjalli og lagði þær utan á tröppupall hjá þeim Jóni og Guðbjörgu konu hans, sem svo féll frá á besta aldri. Jón smíðaði fyrir mig ágæta jeppakerru. Jón lærði járnsmíði á verkstæði Kaupfélags Árnesinga og var snilldarhandbragð á smíðum hans. Eftir nokkur ár á Kirkjuveginum fór Jón að vinna við Búrfellsvirkjun og hafði þar einbýlishús til umráða. Síðan fékk hann ábúð á hluta af jörðinni Skarði í Gnúpverja-

hreppi, reisti þar einbýlishús úr timbri og hóf að rækta holdanaut í aukavinnu með starfinu í Búrfelli. Ég hjálpaði honum dálítið við þessa byggingu, múraði gólfíð o.fl. Eftir að vinnuævinni lauk settist Jón að á Selfossi og bjó þar með Jóni Rafni syni sínum. Við höldum alltaf okkar góða vinskapi og heimsóttum hvor annan. Að síðustu var Jón kominn á hjúkrunardeildina Fossheima á Selfossi og var þá farinn að bilast á heilsu. Ein af björtu minningum mínum á ævinni eru kynnin við Jón sem nú er kominn í sumarlandið. Ég flyt hans nánasta ættfólki mínar bestu samúðarkveðjur.

Sigurjón Erlingsson

Skálholtshátíð í 75 ár 1949 – 2024

Ávöxtur friðar er okkar ljós

Sjötíu og fimm ár eru frá fyrstu Skálholtshátíðinni sem haldin var eftir að Skálholtsfélagið var stofnað 1948. Yfirskrift hátíðarinnar er sótt í Efesusbréfið: „Hegðið ykkur því eins og börn ljóssins. Því að ávöxtur ljóssins er einskær góðvild, réttlæti og sannleikur.“ Sunnudaginn 21. júlí er hátíðarmessa kl. 14 og hátíðardagskrá á eftir í þeim fagra helgidómi sem Skálholtsdómkirkja er orðin eftir endurgerð. Hátíðarerið flytur forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og er það meðal allra síðustu erinda sem hann flytur í embætti forseta Íslands. Þar flytur og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningarmálaráðherra, ávarp og tónlistartriði á milli.

Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar stendur fyrir málþingi laugardaginn á Skálholtshátíð, kl. 10-12, en það er Þorláksmessa í sumar, 20. júlí. Dr. Munther Isaac, prestur lúthersku kirkjunnar í Betlehem, og dr. Magnús Þorkell Bernharðsson, prófessor við Williams-háskóla í Massachusetts í Bandaríkjunum, flytja aðalrindi málþingsins og Ólöf Ragnarsdóttir, fréttamaður RÚV, bregst við erindum þeirra. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna í Palestínu verður fyrirlestur dr. Munther Isaac á fjarfundi og sá hluti er á ensku.

Eftir hádegi, kl. 13, verður málstofa í kirkjunni helguð minningu um dr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, og verður hún bæði minning um líf hans og verk og umfjöllun um list og trúartákn. Dr. Gunnlaugur A. Jónsson flytur erindi um Karl biskup og hjónin Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir flytja erindi sem þau nefna „Litur ljóssins“.

Hátíðartónleikar verða á Þorláksmessu í sumar, 20. júlí, kl. 16 og er stjórnandi þeirra Jón Bjarnason, organisti. Há-

punkturinn á hátíðartónleikunum er Kantata eftir Johann Sebastian Bach, Vergnügte Ruh, beliebte Seelenlust, BWV 170, sólókantata sem Sigríður Ósk Kristjánsdóttir flytur ásamt orgeli, óbói og strengjasveit. Auk þess verður fluttur orgelkonsert eftir Georg Friedrich Handel og Skálholtskórinn flytja verk eftir Antonio Lotti.

Auk Sigríðar Óskar Kristjánsdóttur eru helstu flytjendur Páll Palomares konsertmeistari, Matthías Birgir Nardeau óbóleikari og Skálholtskórinn.

Stofnun Skálholtsfélagsins markar án efa upphaf endurreisnar Skálholts með biskupssetri og dómkirkju. Á þessum tímamótum, þegar liðin eru 75 ár frá fyrstu Skálholtshátíðinni sem haldin var í gömlu sóknarkirkjunni 1949, verður flutt stutt ágríp af sögu Skálholtshátíðarinnar. Í ár verður greint frá uppbyggingu Gestastofunnar í Skálholti, endurreisn Bókhöfðu Skálholts og Prentsöguseturs Íslands, stofu Sigurbjörns Einarssonar og merkingu Þorlákshátíðar.

Öll dagskrá Skálholtshátíðar er öllum opin án endurgjalds enda hafa allir þættir hennar þegar verið kostaðir. Hefst hún með útimessu við Þorlákssæti kl. 9 árdegis á Þorláksmessunni

og verður gengið saman þangað af kirkjutröppunum. Sungin er tíðargjörð í kirkjunni kl. 9 á morgnanna, nema þegar útimessan er, og kl. 18. Hópur pílagríma gengur til messu og hefst messan með móttöku þeirra. Pílagrímagangan er að þessu sinni allar götur frá Reynivöllum í Kjós og hefst ganga hvers dags kl. 9, frá Reynivöllum, undir leiðsögn sr. Örn Grétarsdóttur, frá Stíflisdal, frá Þingvallakirkju og loks frá afleggjaranum að Neðra Apavatni.

Í hátíðarmessu sunnudagsins 21. júlí kl. 14 mun sr. Kristján Björnsson vígslubiskup prédika og þjóna fyrir altari ásamt frú Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands, sr. Guðrúnu Karls Helgudóttur, verðandi biskupi Íslands, sr. Guðlaugu Helgu Guðlaugsdóttur, presti í Mosfellsprestakalli, sr. Axel Á. Njarðvík, settum sóknarpresti, og Bergþóru Ragnarðóttur djákna, en lesarar eru Erlendur Hjaltason, formaður Skálholtsfélagsins hins nýja, og Bogi Ágústsson, formaður Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar. Skálholtskórinn syngur og organisti og stjórnandi er Jón Bjarnason. Trompetleikarar eru Jóhann I. Stefánsson og Vilhjálmur Ingi Sigurðarson.



Bryndís Embla og Ásta Kristín með gull á Gautaborgarleikunum

Keppendur Frjálsíþróttadeildar Selfoss stóðu sig frábærlega á Gautaborgarleikunum sem haldnir voru helgina 5.-7. júlí við íslenskar aðstæður, rigningu og rok. Tvenn gullverðlaun, ein silfurverðlaun og ein bronsverðlaun voru uppskeran ásamt Íslandsmeti og fullt af persónulegum bætingum. Þær Bryndís Embla Einarisdóttir og Ásta Kristín Ólafsdóttir náðu þeim frábæra árangri að vinna til gullverðlauna, sú fyrri í kúluvarpi en Ásta í spjótkesti auk þess sem Bryndís Embla setti Íslandsmet í kringlukasti.

13 ára flokkur: Ásta Kristín Ólafsdóttir sigraði glæsilega í spjótkesti á persónulegu meti þegar hún kastaði spjóttinu 36,31 m. Magnús Tryggvi Birgisson bætti sig vel í þristökki þegar hann stökk 10,64 m og hafnaði í 7. sæti og Birkir Aron Ársæls-son kastaði spjóttinu 31,35 m og endaði í 8. sæti.

15 ára flokkur: Bryndís Embla Einarisdóttir bætti sig verulega í kúluvarpi og var rétt við HSK-metið í flokki 15 ára þegar hún kastaði kúlunni 12,25 m og sigraði. Hún vann til silfurverðlauna í spjótkesti þegar hún kastaði spjóttinu 43,19 m og var rétt rúmum metra frá gullverðlaunum, hún kórónaði síðan glæsta frammistöðuna með því að stórbæta sig í kringlukasti og setja Íslandsmet með 750 g kringlu er hún kastaði 38,12 m

og hafnaði í 4. sæti. Arndís Eva Vigfúsdóttir bætti sig í hástökki þegar hún vippaði sér yfir 1,52 m og hafnaði í 6. sæti og auk þess kastaði hún kúlunni 10,70 m og hafnaði í 9. sæti.

16-17 ára flokkur: Hjálmar Vilhelm Rúnarsson sýndi hversu fjölbáttur hann er og endaði framúrlega í sínum greinum. Hann bætti sinn besta árangur í spjótkesti þegar hann kastaði spjóttinu 57,77 m og vann til bronsverðlauna. Í þristökki bætti hann sinn besta árangur þegar hann stökk 13,62 m og varð í 4. sæti og hann varð í 4.-5. sæti í 100 m hlaupi á tímanum 11,49 s og í kúluvarpi varð hann í 5. sæti en hann varpaði kúlunni 13,99 m. Þorvaldur Gauti Hafsteinsson hljóp 800 m á tímanum 1:58,80 m og varð í 4. sæti og Vésteinn Loftsson kastaði kringlunni 48,32 m og endaði í 7. sæti. Ísold Assa Guðmundsdóttir stökk til 4. sætis í hástökki þegar hún vippaði sér yfir 1,56 m og hún bætti sig í þristökki þegar hún stökk 10,56 m og varð í 8. sæti. Dagmar Sif Morthens stökk 1,38 m í hástökki sem dugði í 9. sæti og Huguína Birna Hjaltadóttir stökk 10,04 m í þristökki og endaði í 10. sæti.

18-19 ára flokkur: Daníel Breki Elvarsson kastaði spjóttinu 51,76 m og lenti í 6. sæti og Hanna Dóra Höskuldsdóttir bætti sig í hástökki þegar hún vippaði sér yfir 1,61 m og varð í 8. sæti.

UMFS



Bryndís Embla vann til gull- og silfurverðlauna auk þess að setja Íslandsmet.



Ásta Kristín vann spjótkest í flokki 13 ára.

Bæjarins Beztu með „popup“ á Hvolsvöll

Það er gaman að segja frá því að Bæjarins Beztu hafa opnað svokallaðan „popup“ stað á Hvolsvelli í Lava center.

Þar verður að sjálfsögðu boðið upp á landsþekktu og heimsfrægu pylsumnar þeirra með öllu tilheyrandi.

Íslensk kjötsúpa og mexíkósk kjúkl- ingasúpa með d ú n m j ú k u brauði verður þar líka í boði ásamt bakkelsi, sætindum, snakki, gosi og rjúkandi heitu kaffi bæði á könnunni og í vél eins og fram kemur í fréttatilkynn-



ingu frá Bæjarins Beztu fjölskyldunni og Lava center.

Það mætti líka segja að Bæjarins Beztu sé komið heim þar sem þau nota að sjálfsögðu SS pylsur sem eru gerðar hér á Hvolsvelli.

Það ættu allir sem eiga leið um þetta fallega bæjarfélag á Hvolsvelli að stoppa við hjá Bæjarins Beztu í Lava, gæða sér á g ó m s æ t u m veitingum og kíkja á sýninguna hjá Lava, sjón er sögu ríkari.

Rangárþing eystra

Skóflustunga tekin að nýrri seiðastöð

Framkvæmdir Thor landeldis eru hafnar á lóð félagsins

Í síðustu viku var tekin skóflustunga að seiðaeldisstöð Thor landeldis ehf. og markar þetta upphafið að uppbyggingu á lóð félagsins við Þorlákshöfn. Elliði Vignisson bæjarstjóri Ölfuss og Þórður Þórðarson, lögfræðingur Thor landeldis og einn stofnenda félagsins, tóku skóflustunguna.

Fyrsti áfanginn í uppbyggingu félagsins er bygging seiðaeldisstöðvar en í framhaldinu verður byggð áfram eldisstöð fyrir 5.000 tonna árlega framleiðslu á laxi en með tíð og tíma stefnir Thor á uppbyggingu laxeldis fyrir allt að 20.000 tonna framleiðslu á ári hér á landi.

Thor hefur fengið úthlutað 25 ha lóð vestan við Þorlákshöfn undir starfseminu og hentar svæðið einstaklega vel sökum gnægðar af fersku vatni og hreinum sjó sem dælt er úr borholum.

„Þetta eru mikil tímamót hjá Thor landeldi að hefja framkvæmdir við eldisstöðvar félagsins eftir mikla undirbúningsvinnu, bæði í hönnun og vinnu við leyfismál,“ segir Halldór Ragnar Gíslason framkvæmdastjóri Thor landeldis.

Thor stefnir á að taka við



fyrstu hrognum í byrjun næsta árs og að fyrsti áframeldistankurinn verði klár um 12 mánuðum seinna, um áramótin 2025/26. Má síðan gera ráð fyrir að fyrsta slátrun á laxi verði í lok árs 2026.

Seiðastöðin sem á að reisa nú verður um 1.800 fm að stærð og er gert ráð fyrir að 10 manns starfi við hana og að 100 manns starfi hjá félaginu þegar 20.000 tonna framleiðslu verður náð.

„Þessi eldisstöð er góð viðbót við þá öflugu fiskeldisflóru sem er á svæðinu í kringum Þorlákshöfn og reyndar á öllu Reykjanesi og er þetta svæði nú að verða eitt öflugasta svæði í heiminum fyrir landeldi á laxi

sem skapar mikil tækifæri í ýmsum hliðargreinum við laxeldið,“ segir Jónatan Þórðarson eldisstjóri félagsins.

Ný seiðastöð Thor landeldis verður byggð eins og best verður á kosið fyrir nútímalaxeldi. „Það verður einstaklega gaman að fá í hendurnar glænýja seiðastöð enda eru góð seiði undirstaðan fyrir árangursríkt laxeldi. Það er einnig mikill kostur að hafa seiða- og áframeldið nálægt hvort öðru en það verður hægt að dæla seiðum beint úr seiðaeldisstöðinni í áframeldistankana með tilheyrandi kostnaðar- og vinnusparnaði,“ segir Vignir Stefánsson stöðvarstjóri Thor landeldis ehf.

Uppbygging heldur áfram í Tjarnabyggð



Bragi Bjarnason og Ólafur Haraldsson. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

Sveitarfélagið Árborg og Ólafshagi ehf. hafa gert samkomulag um uppbyggingu fjórða áfanga í Tjarnabyggð sem er svokölluð „frístundabyggð“ rétt utan við Selfoss. Það voru Bragi Bjarnason bæjarstjóri og Ólafur Haraldsson eigandi Ólafshaga sem skrifuðu undir samkomulagið sem byggir á eldri samningi frá árinu 2005 um uppbyggingu Tjarnabyggðar.

Uppbygging í Tjarnabyggð hófst árið 2006 og því miður hægðist á uppbyggingu svæðisins í kjölfar efnahagsástandsins árin þar á eftir. Undanfarnin ár hafa hins vegar risið fjöldi húsa á lóðunum og íbúum fjölgað

samhliða. Samkomulagið felur í sér uppbyggingu fjórða áfanga svæðisins sem inniheldur um 66 byggingalóðir í 11 klösum þar sem 6 byggingarlóðir eru í hverjum klasa. Í samræmi við samkomulagið verður uppbyggingin í áföngum þar sem að lágmarki verða byggð fjögur íbúðarhús í hverjum klasa áður en byrjað er á næsta klasa. Áætlað er að framkvæmdir við gatnagerð hefjist fljótlega og í kjölfarið fyrsta klasanum við Norðurslóð. Landeigandi leggur auk þess til svæði undir grenndarstöð og leiksvæði/opið svæði sem nýtist íbúum hverfisins.

Sveitarfélagið Árborg

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
Lagnamyndun
Rótarhrensun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolin.is

BRACN AF
VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubílastjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FALIN PARADÍS
Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi
Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opíð alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. Í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl.
Sími 692 3555 - hraunborgir33@gmail.com

VÖKVATÆKI EHF.
Búðahellu 4X - 221 Hafnarfjörður
vokvataeki.is - vt@vokvataeki.is
Sími 861 4401
OMR mótórar á lager
Vatnsdælar sem tengjast á PTO til á lager